

**98. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 5. apríl kl. 15:00
– 16:30**

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú, Egilsstöðum og hófst kl. 15:10

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Einar Már Sigurðarson (EMS), Þráinn Lárusson (ÞL), Gunnar Jónsson (GJ), Hildur Þórisdóttir

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 97
2. Umsvif landbúnaðar
3. Undirbúningur ársfundar
4. Mannauðsmál
5. Húsnæðismál Austurbrúar
6. Önnur mál
 - Undirbúningur gæðavottunar
 - Sóknaráætlun 2020-2024

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 97

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 97 með undirritun sinni.

2. Umsvif landbúnaðar

Framkvæmdastjóri fór yfir aðdraganda og helstu niðurstöður skýrslu er snýr að landfræðilegu og efnahagslegu litrófi landbúnaðar á Íslandi. Austurbrú tók þátt í gerð skýrslunnar í samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög.

3. Undirbúningur ársfundar

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu drög að ársreikningi Austurbrúar fyrir árið 2018. Fram kom að enn ætti eftir að gera nokkrar lokafærslur en stefnt er að því að ársreikningurinn ásamt endurskoðunarskýrslu liggi fyrir á næsta fundi stjórnar.

Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir stöðu mála varðandi undirbúning ársfundar en ársfundur Austurbrúar mun verða þann 7. maí á Egilsstöðum en hagsmunaaðilafundur mun verða þann 6. maí. Þann 6. maí er einnig stefnt að því að hafa málþing tengt flugmálum og samþykkir stjórn að unnið verði áfram á grundvelli hugmynda Austurbrúar/SSA að dagskrá málþingsins.

4. Mannauðsmál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mönnunar hjá stofnuninni eftir starfsstöðvum og verkefnum. Auglýsingar vegna þriggja starfa fara út núna í apríl.

Anna Alexandersdóttir verkefnastjóri mannauðsmála kom inn á fundinn og fór yfir stöðu mála er tengist starfsmati á störfum innan Austurbrúar. Leiðbeiningar hafa komið frá sambandinu og er unnið að útfærslu á grundvelli þeirra innan stofnunarinnar.

5. Húsnæðismál Austurbrúar

Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið í tengslum við húsnæðismál á Reyðarfirði í samráði við framkvæmdastjóra Afls. Einnig fór framkvæmdastjóri yfir hugmyndir að breytingum sem snúa að starfsstöð Austurbrúar á Norðfirði.

6. Önnur mál

- Undirbúningur gæðavottunar
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í tengslum við undirbúning úttektar í tengslum við gæðavottun á fræðslustarfsemi Austurbrúar.
- Sóknaráætlun 2020-2024
Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir bókun SSA þess efnis að Austurbrú vinni að gerð nýrrar sóknaráætlunar og undirbúning að verkferli þess efnis.

Næsti fundur stjórnar verður eftir páska á Reyðarfirði. Fundi slitið kl. 16:30.

Einar Már Sigurðarson

Sæunn Stefánsdóttir

Hildur Þórisdóttir

Þráinn Lárusson

Gunnar Jónsson